

KIRKJUGARÐARÁÐ

94. fundur haldinn 5. mars 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Ragnhildur Benediktsdóttir var í veikindaleyfi.

Gestur: Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri.

- 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar**
Fundur settur kl. 13:05. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.
- 2. Uppgjör Kirkjugarðasjóðs vegna ársins 2011 og greiðsluáætlun fyrir 2012**
Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti. Óskað var eftir nánari skýringu á launatengdum gjöldum. Að öðru leyti var rekstraráætlunin samþykkt.
- 3. Staða mála varðandi frumvarp um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu**
Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Frumvarpið er farið í kostnaðarmat til fjármálaráðuneytis.
- 4. Kirkjugarðar Akureyrar – grafartaka í eldri gröf**
Smári Sigurðsson gerði grein fyrir málinu.
- 5. Fundur NFKK í Osló 29. febrúar**
Þórsteinn Ragnarsson tók þátt í fundinum og sagði frá. Samnorræn ráðstefna um málefni kirkjugarða og bálstofa verður haldin í Osló í september á næsta ári.
- 6. Erindi vegna hugmynda um stofnun kirkjugarðs á Seltjarnarnesi**
Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti og var honum falið að svara erindinu.
- 7. Næsti fundur**
Næsti fundur verður haldinn 16. apríl kl. 13:00
- 8. Önnur mál**
Kristín Huld kynnti bréf frá Laugalandsprestakalli, dags. 28. febrúar 2012, um erfiða rekstrarstöðu kirkjugarða. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 14:30.

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
f.h. formanns

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari